



Tálknafjarðar

Fundur haldinn í skólanefnd 26.júlí 2006 á skrifstofu Tálknafjarðarhrepps,  
Miðtúni 1, kl. 17.00

*Mætt undirrituð og fyrirtekið*

### **1. Umsóknir.**

Umsóknir, Hilmirs Arnarsonar, Steingríms Gunnarss. og Helgu Sigríðar  
Valdemarsdóttur, um stöður við Grunnskólann.

Hilmir er ekki með nein kennararéttindi og hefur ekki kennt áður, þau fög sem hann gæti  
kennt erum við búin að ráða í og mælum við því ekki með ráðningu hans.

Steingrímur Gunnarsson er að taka kennararéttindi og er trúlega að klára þau nú í vetur,  
hann er með ýmsa menntun (sjá fskj. umsókn). Hans menntun og reynsla hentar vel í þau  
fög sem vantar að manna við skólann. Mælum með því að hann verði ráðinn.

Helga Sigríður Valdemarsd. sækir um stöðu umsjónarkennara 1. bekkjar. Hún er ekki  
með kennararéttindi, er með stúdentspróf og próf frá Myndlistarskólanum á Akureyri og  
hefur unnið með yngstu börnunum í grunnskóla og leikskóla. Mælum með því að hún  
verði ráðin.

### **2. Fjarnámsver.**

Ingólfur kom með þá fyrirspurn hvort skólanefndin ætti að fjalla um fjarnámverið og væri  
mjög gott að fá úr því skorið þar sem okkur finnst það mjög nauðsynlegt að ráðnir verði  
einhverjir aðilar þar til að aðstoða nemendur, sem koma til með að vera fleiri nú en  
síðasta vetur.

Fundargerð lesin upp og samþykkt samhljóma. Fundi slitið kl. 17:45

Guðlaug S. Björnsdóttir  
Ingólfur Kjartansson  
Guðlaug Björgvinsdóttir  
Birna Ben.